

Alþingi
Erindi nr. P 136/543
komudagur 16.12.2008

Reykjavík 13. desember 2008

Til: Menntamálanefndar Alþingis

Frá: Bláðamannafélagi Íslands

Efni: Umsögn um takmarkanir RÚV á auglýsingamarkaði.

Bláðamannafélag Íslands er þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið eigi að draga sig alfarið af auglýsingamarkaði. Stjórn félagsins ályktaði í þá veru í byrjun nóvember.

Félagið fagnar því að menntamálaráðherra skuli taka skref í rétta átt í umræddu frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið ohf. Félagið mælir þó með því að lengra verði gengið.

Ljóst er að erfiðir tímar blasa við einkareknum fjölmiðlum um þessar mundir og flestir ef ekki allir þeirra róa lífróður. Á sama tíma fær Ríkisútvarpið, með meðgjöf upp á milljarða frá ríkinu, að keppa við einkareknu miðlana á auglýsingamarkaði.

Fjöldi blaða- og fréttamanna, sem starfað hafa hjá einkareknum miðlum og eru í BÍ, hefur fengið uppsagnarbréf á þessu ári. Um sextíu til sjötíu manns. Langflestir síðustu mánuði. Eitt blað 24 stundir hefur verið lagt niður og Viðskiptablaðið hefur fækkað útgáfudögum sínum.

Því miður óttast félagið að einkareknu fjölmiðlarnir þurfi að draga enn frekar saman.

Ályktun stjórnar BÍ frá 1. Nóvember 2008

Bláðamannafélag Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri alvarlegu stöðu sem er komin upp í fjölmiðlum sem birtist í fjöldauppsögnum og lokun fjölmiðla.

Félagið fagnar því að menntamálaráðherra ætli að skipa starfshóp til að koma með tillögur til úrbóta. Félagið telur augljóst að skoða þurfi sérstaklega stöðu Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Samkeppnisstaða fjölmiðla hefur verið erfið vegna sterkrar stöðu Ríkisútvarpsins sem hefur haft sig mikið í frammi á auglýsingamarkaði auk þess að hafa lögboðin afnotagjöld. Í því árferði sem er núna er hættu á því að slík staða geti orðið til þess að einkareknir fjölmiðlar leggist af. Það eru umbrotatímar og þá er aðhald fjölmiðla og lýðræðisleg umræða nauðsynleg. Það er ljóst að einn sterkur fjölmiðill dugur ekki til, það þarf fleiri raddir til að endurspegla samfélagið.

Fyrir hönd Bláðamannafélags Íslands,

Arna Schram, formaður BÍ.